

Opinn fundur fyrir nemendur með stjórnendum skólans og stjórnendum NFFG haldinn miðvikudaginn 15. október 2014 kl. 10:25-11:10 í Urðarbrunni.

Kristinn Þorsteinsson, (K.Þ.), skólameistari, setti fundinn og bauð nemendur velkomna. Bauð tvo lögreglumenn velkomna til að ræða við nemendur um Gillarann.

Lögregluþjónarnir Ásdís og Stefán: Lýstu hvernig dagurinn 2.sept. gekk fyrir sig frá lögreglunnar hendi þegar Gillarinn var hér í Garðabæ. 4 voru á vakt og 2 bílar fyrir H.fj., og G.bæ – 40 þús. íbúar. Þeir voru uppteknir milli kl. 16-17:45 vegna stráka úr FG sem tóku samfélagið í gíslingu. Ef eitthvað hefði komið upp t.d. á Álftanesi eða uppi á Holti hefðu bílarnir ekki komist leiðar sinnar. Þetta getur verið spurning um líf og dauða og er ekki ásættanlegt.

Ef einhverjir hafa hug á að halda þessu áfram eru þeir beðnir að rétta upp hönd – enginn rétti upp hönd og því er litið svo á að Gillarinn sé úr sögunni í þeirri mynd sem hann hefur verið.

Fyrirspurn (F.sp.) – Er ekki hægt að gera ráð fyrir að Gillarinn sé milli kl. 16-18 og fá fleiri bíla á vakt?

Lögr. - Nei – þið takið ekki yfir samfélagið.

K.Þ. – Við tökum mark á lögreglunni og Gillarinn er úr myndinni á þessu formi sem hann er í í dag.

Komið að nemendafélaginu að kynna sig.

NFFG – Kynnir sig og hvað er búið að gera og hvað er framundan í félagslífinu. Hádegisviðburðir í vinnslu, Salsaball 6 nóv. og svo verður FG – Flensborgardagurinn í næstu viku 24. okt. eftir hádegi í Mýrinni. Keppt verður í fótbolta, körfubolta, reipitogi, bekkpressu, kappáti, skyrglímu og svo Morfís keppni um kvöldið í Flensborg.

Sýnt var skemmtilegt kynningarmyndband um þennan dag.

K.Þ. – Slæm umgengni í skólanum. Það hafa borist kvartanir um vonda lykt á salernum á fyrstu hæð. Verri lykt á karlklósettunum, strákarnir þurfa að læra að sturta niður.

F.sp. – Líka slæm umgengni á salernum á annarri hæð, nemendur beðnir að ganga betur um.

F.sp. – Spurt um NFFG boli fyrir FG-Flensborgardaginn.

Form. NFFG. – Verið að panta boli.

F.sp.- Verður Salsavika?

Form. NFFG. – Já, skreytinganefndin mun skreyta skólann og svo verður boðið upp á snakk og tónlist spiluð.

Form. leikl.s.f. – Across the Universe sem er með bítlatónlist verður sett upp á vorönn. Prufur standa yfir. Auglýst eftir nemendum í markaðsnefnd.

Form. NFFG. – Allir viðburðir á vegum nemendafélagsins eru fyrir ykkur svo njótið þess sem NFFG hefur að bjóða. Auglýst eftir fólki í nefndir, það verða hengd upp plaköt í dag. Stelpukvöld verður 20. nóv., FIFA mót 30. nóv. og herrakvöld eftir áramót.

F.sp.- Hvað er að fréttu af þráðlausa netinu í skólanum.

K.Þ. – Búið að setja stærri senda í tölvustofurnar. Umgengni í tölvustofum hefur verið slæm og lítill vinnufriður. Nemendur hvattir til að bæta sig.

Takk fyrir þátttökuna, fundi slitið.

Ritari :

Snjólaug E. Bjarnadóttir, áfangastjóri